



Borgarnesi 05.03 2012

Nefndasvið Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1459
komudagur 7.3.2012

Umsögn Borgarbyggðar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393 mál

Byggðarráð Borgarbyggðar og umhverfis- og skipulagsnefnd Borgarbyggðar hafa tekið samgönguáætlun til umfjöllunar. Borgarbyggð leggur áherslu á eftirfarandi breytingar í samgönguáætlun fyrir árin 2010-2022

- A. **Tengi- og héraðsvegir;** Borgarbyggð leggur mikla áherslu á að fjárveitingar til tengi og héraðsvega verði aukin um a.m.k. 50% miðað við fyrirbyggjandi áætlun. Sameining sveitarfélaga í Borgarfirði byggir á því að samgöngur innan sveitarfélagsins séu góðar og að íbúar í dreifbýli geti nýtt sér uppbyggingu í atvinnumálum og þjónustu í þéttbýli. Jafnframt eru góðar samgöngur lykilatriði í uppbyggingu ferðaþjónustu. Nánast allir tengi- og héraðsvegir í Borgarbyggð eru malarvegir og ástand þeirra mjög misjafnt. Fjármagn til að byggja upp og viðhalda héraðsvegum í Borgarbyggð hefur verið af skornum skammt og því er afar brýnt að auka fjárveitingu til þessara vega.
- B. **Vegur um Uxahryggi og Kaldadal.** Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að lagt verði bundið slitlag á um 6.5 km kafla á Uxahryggjavegi í Lundarreykjadal árið 2012 og síðan verði lagt á tæplega 4 km kafla á öðru tímabili. Borgarbyggð fangar því að farið verði í þessar framkvæmdir, en leggur þunga áherslu á að unnið verði miklu hraðar við gerð þessa vegar. Mikilvægt er að lagningu bundins slitlags á veginn inn Lundarreykjardal að Brautartungu verði lokið fyrir árið 2015 og fyrir lok skipulagstímans verði kominn góður vegur um Uxahryggi og Kaldadal. Góður vegur um Uxahryggi og Kaldadal hefur í för með sér gríðarleg tækifæri fyrir ferðaþjónustu sem og öll samskipti á milli Vesturlands og Suðurlands. Því er það okkar mat að fáar vegabætur muni nýtast ferðaþjónustu á Vestur- og Suðurlandi betur en uppbygginga þessa vegar og minnum á að í samgönguáætlun segir „Hugað verði sérstaklega að þörfum ferðaþjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins. Markaðssvæði ferðaþjónustu verði höfð til hliðsjónar við mótun samgönguáætlunar“.
- C. **Almenningssamgöngur;** Borgarbyggð fagnar breyttum áherslu varðandi almenningssamgöngur og tekur undir mikilvægi þeirra. Í samgönguáætlun kemur skýrt fram að þær skuli eflidar og að öll fjárframlög verði sameinuð, sem við teljum forsendu þess að byggja megi upp heildstætt skipulag almenningssamgangna. Með þessu ætti að vera

mögulegt að nýta skólaakstur sem hluta af almennings­samgöngum. Í samgönguáætlun kemur líka fram að atvinnu- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins nái all leið upp í Borgarbyggð og því teljum við mikilvægt að fjárveitingar til uppbyggingar almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu eigi líka að nýta til að tengja þéttbýliskjarna í Borgarbyggð við höfuðborgarsvæðið.

- D. **Hjólreiðastígar og reiðvegir;** Í kafla 1.1. g. Um hjólandi og gangandi vegfarendur leggjum við til eftirfarandi viðbót. *Skapaðar verði aðstæður fyrir hjólandi umferð á milli þéttbýlisstaða í dreifbýli. Hér erum við með í huga stígagerð á milli þéttbýlisstaða eins og Hvanneyrar og Borgarness. Í samgönguáætlun er ekki getið um samgöngur hestamanna. Reiðvegir eru mikilvægir fyrir samfélagið og atvinnuuppbyggingu í héraðinu. Í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2012 eru reið- og gönguleiðir 1370 km. Það sýnir hve víðtækt reiðveganetið er innan sveitarfélagsins. Því er lagt til að bætt verði við kafla 1.1.8. Greiðar samgöngur fyrir hjólandi-, ríðandi- og gangandi vegfarendur. Til að tryggja öryggi vegfarenda er mikilvægt að aðgreina reiðvegi frá vélknúinni umferð. Stefnt skuli að því að nýjir reiðvegir verði lagðir fjarri stofn- og tengivegum.*

Virðingarfyllt


SVEITARSTJÓRINN
BORGARBYGGÐ

Páll S. Brynjarsson

sveitarstjóri